



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



Stefna heilbrigðisráðherra í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði til 2030

september 2019

Heilbrigðisráðuneytið:

Stefna heilbrigðisráðherra í vísindarannsóknnum á heilbrigðissviði til 2030
september 2019

Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Sími: 545 8100

Bréfasími: 551 9165

Netfang: hrn@hrn.is

Veffang: stjornarradid.is

©2019 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-477-62-0

Ávarpsorð Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra

Menntun, tækni, vísindi og mannauður. Þetta eru einhverjar mikilvægustu forsendurnar að baki allri heilbrigðisþjónustu. Tækni og vísindum á öllum sviðum fleygir ört fram. Fátt virðist lengur ómögulegt. Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði færa okkur stöðugt nýja þekkingu, nýjar uppfinningar og nýja tækni sem gerir mögulegt að lækna sjúkdóma, lengja líf eða bæta til muna lífsgæði sjúklinga sem stríða við langvinn og ólæknandi veikindi.

Vísindarannsóknir eru forsenda framfara og við viljum ávallt stefna fram á við. Mikilvægi þess að hafa skilgreinda stefnu á sviði vísindarannsókna á heilbrigðissviði er augljóst. Það er mér því ánægja að fylgja slíkri stefnu úr hlaði með nokkrum orðum.

Eins og lýst er í inngangi að stefnunni skipaði ég í apríl 2018 starfshóp sem ég fól að gera mér tillögu að stefnu á þessu sviði. Vinna hópsins liggur fyrir og niðurstaða mín var að gera tillögu hans að minni. Stefnan liggur því fyrir og verður vonandi gott leiðarljós og veganesti inn í framtíðina.

Varðandi framkvæmd vísindastefnunnar verður horft til heilbrigðisstefnu til ársins 2030 sem samþykkt var á Alþingi í júní 2019 og aðgerðaáætlana sem kveðið er á um að gerðar skuli árlega meðan heilbrigðisstefnan er í gildi.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Reykjavík í september 2019.

Inngangur

Þann 26. apríl 2018 skipaði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sjö manna starfshóp eftir tilnefningar frá Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar. Starfshópurinn var þannig skipaður:

- Helga Ágústsdóttir sérfræðingur í velferðarráðuneyti, án tilnefningar, formaður
- Iðunn Garðarsdóttir aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, án tilnefningar
- Ólafur Baldursson, tilnefndur af Landspítala
- Alexander Smáráson, tilnefndur af Sjúkrahúsinu á Akureyri
- Emil L. Sigurðsson, tilnefndur af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Einar Stefán Björnsson, tilnefndur af Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands
- Árun Kristín Sigurðardóttir, tilnefnd af Háskólanum á Akureyri

Að auki sat Laufey Hrólfsdóttir sem tilnefnd var af Sjúkrahúsinu á Akureyri fundi sem varamaður og Helga Björg Ragnarsdóttir aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra tók sæti Iðunnar Garðarsdóttur 1. janúar 2019.

Verkefni starfshópsins var að ljúka vinnu fyrri nefndar við gerð stefnu í vísindarannsóknum á heilbrigðisviði og vinna auk þess tillögur að aðgerðaráætlun á grundvelli stefnunnar. Fyrsti fundur hópsins var haldinn 29. maí 2018. Starfshópurinn fundaði fimmtán sinnum og kallað til sín eftirtalda álitsgjafa:

- Fulltrúa frá Vísindadeild LSH – Magnús Gottfreðsson
- Fulltrúa frá Vísindanefnd Háskóla Íslands – Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur
- Forseta heilbrigðisvísindasviðs HÍ – Ingu Þórsdóttur
- Forseta læknadeildar HÍ - Engilbert Sigurðsson
- Fulltrúa frá Prófessoraráði HÍ og LSH – Björn Rúnar Lúðvíksson
- Stefán B. Sigurðsson formann siðanefndar SAK og umsjón með doktorsnámi frá Háskólanum á Akureyri
- Karl Andersen fulltrúa tilnefndan af heilbrigðisráðherra í Vísinda- og tækniráð
- Önnu Sigríði Guðnadóttur bókasafns- og upplýsingafræðing, Heilbrigðisvísindabókasafni Landspítala
- Ingvaldi Tryggvadóttur bókasafns- og upplýsingafræðing á Sjúkrahúsi Akureyrar
- Sigurð Björnsson, sviðsstjóra rannsókna- og nýsköpunarsviðs Rannís
- Ægi Þór Þórssón, sérfræðingur á rannsóknar- og nýsköpunarsviði Rannís
- Þórunni O. Steinsdóttur lögfræðingur hjá velferðarráðuneytinu
- Hörpu Böðvarsdóttur stefnumótunarsérfræðingur hjá velferðarráðuneytinu
- Sigríði Jónsdóttur stefnumótunarsérfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu

Starfshópurinn lauk drögum að stefnu með helstu áherslum í október 2018 og lagði þau drög fyrir heilbrigðisráðherra í nóvember s.l. Ákveðið var að hópurinn ynni áfram að stefnu og aðgerðaráætlun og þann 16. apríl 2019 lagði formaður hópsins fram tillögur hópsins til ráðherra að þeim áherslum og

markmiðum sem hópurinn hefur komið sér saman um og yfirlit yfir hugmyndir að aðgerðum til að ná þeim markmiðum.

Margar af þeim aðgerðum byggja á þeirri hugmynd að komið verði á fót einu sameiginlegu þekkingarsetri eða samráðsvettvangi sem hefur hlotið vinnuheitið Miðstöð heilbrigðisvísinda í hópnum. Hópurinn vill jafna aðstöðu vísindamanna á landsvísu og nýta samlegðaráhrif af því að standa sameiginlega að ýmsum nauðsynlegum innviðum til að styðja við öflugt vísindastarf. Þar er helst átt við sameiginlegt heilbrigðisvísindabókasafn, stuðning við öflun alþjóðlegra styrkja og samstarfsmanna, eflingu tengslanets með upplýsingaveitu til að auka tengsl og þverfaglega samvinnu og ýmsa sérþekkingu og upplýsingar til almennings um hvaða verkefni er verið að vinna.

Heilbrigðisráðherra tók á móti stefnunni og samþykkti hana, en vísaði aðgerðaáætlun hennar til frekari úrvinnslu í samvinnu með heilbrigðisstefnu.

Stefna heilbrigðisráðherra í vísindarannsóknum á heilbrigðisviði til 2030

Leiðarljós stefnu heilbrigðisráðherra er að vísindarannsóknir verði undirstaða framþróunar í heilbrigðisþjónustu og stuðli að bættri heilsu landsmanna.

Vegna hraðra framfara í tækni og vísindum hafa vísindarannsóknir í heilbrigðisþjónustu aldrei verið mikilvægari.

Samfélagslegar og lýðfræðilegar breytingar eru miklar og með þeim færast viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar æ meir frá bráðasjúkdómum og smitsjúkdómum yfir í langvinna sjúkdóma sem fólk lifir með árum og áratugum saman. Hlýnun jarðar og hraðar umhverfisbreytingar fela í sér óþekktar ógnanir. Þetta kallar á rannsóknir á áhrifum þeirra á heilsufar fólks. Einnig er mikilvægt að rannsóknir beinist að forvörnum og almennri lýðheilsu.

Vísindarannsóknir á heilbrigðisviði stuðla að framförum og eru mikilvægar til þess að tryggja að einstaklingar fái ávallt gagnreynda meðferð og heilbrigðisþjónustu sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur. Þá eru vísindarannsóknir ein af grunnstoðum menntunar heilbrigðisstarfsfólks og forsenda þess að skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk í öllum heilbrigðisstéttum. Vísindarannsóknir eru undirstaða nýsköpunar í heilbrigðis- og lífvísindum, þ.m.t. líftækni og sjálfbærni.

Það er brýnt að efla skilning í þjóðfélaginu og innan heilbrigðiskerfisins, á mikilvægi vísindarannsókna fyrir nýliðun, framþróun og gæði heilbrigðisþjónustu. Hér á landi eru tækifæri til að standa í fremstu röð í heilbrigðisvísindum og laða að vel menntað og þjálfað starfsfólk sem vaxandi samkeppni er um á alþjóðavettvangi.

Stefnu heilbrigðisráðherra til 2030 um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði er fyrst og fremst ætlað að setja fram skýra sýn um hvert stefnt skuli á næstu árum. Til að íslenska heilbrigðiskerfið uppfylli hæstu gæðakröfur og geti staðist samanburð við önnur lönd þarf að hlúa vel að jarðvegi vísindarannsókna á heilbrigðisviði.

Takmarkið er að þróa rannsóknarumhverfi, byggja upp aðstöðu og efla innviði til rannsókna sem standast alþjóðlegan samanburð og gera það eftirsóknarvert fyrir framúrskarandi vísindamenn að vinna að rannsóknum á heilbrigðisvísindasviði á Íslandi.

Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði á Íslandi eiga að vera sterk stoð íslensks heilbrigðiskerfis og standast alþjóðlegan samanburð að gæðum og umfangi.

Stefna skal að því að árið 2030 verði:

- Aukin gæði vísindastarfs
- Aukin afköst í vísindastarfi
- Aukinn áhugi og þátttaka í vísindastarfi
- Betri aðstaða og innviðir til klínískra vísindarannsókna á heilbrigðisstofnunum
- Jafnara aðgengi heilbrigðisstofnana að tímaritum og gagnasöfnum
- Betri og jafnari aðgangur að þjónustu bókasafna á heilbrigðisvísindasviði
- Aukin þverfagleg samvinna vísindamanna

Mælikvarðar:

- Fjöldi tilvitnana í íslenska vísindamenn í ritrýndum tímaritum
- Fjöldi birtra greina í ritrýndum tímaritum
- Fjöldi vísindamanna sem velja Ísland sem vinnustað
- Fjöldi heilbrigðisstofnana sem telja sig hafa fullnægjandi aðstöðu til klínískra vísindarannsókna
- Fjöldi vísindatímarita og gagnagrunna sem aðgengi er að
- Fjöldi vísindastofnana sem telja sig fá fullnægjandi upplýsinga- og bókasafnsþjónustu
- Heildarfjármagn sem veitt er af opinberum aðilum til vísindarannsókna á heilbrigðissviði
- Samkeppnissjóður á sviði heilbrigðisvísinda hefur verið stofnsettur
- Upphæð úthlutunar úr samkeppnissjóðum á sviði heilbrigðisvísinda
- Íslenskir vísindamenn ná betri árangri í að fá erlenda styrki til vísindarannsókna á heilbrigðissviði
- Heilbrigðisvísindabókasöfn veita öllum vísindamönnum á landinu jafnan aðgang
- Upplýsingar um vísindamenn og verkefni eru aðgengilegar
- Fjöldi doktorsnema sem fá styrki til að vinna verkefni sín við heilbrigðisstofnanir
- Fjöldi doktorsnema á heilbrigðissviði sem útskrifast

Til að svo megi verða þarf að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði:

Innviðir, stjórnun og samstarf

- Að tryggja jafna möguleika heilbrigðisstarfsfólks til að stunda vísindarannsóknir óháð búsetu, fjármagni, kyni eða kynþætti.
- Einfalda skal allt umsóknarferli jafnt til leyfisveitenda og styrktarsjóða.
- Að tryggja aðkomu vísindafólks við stjórnun og ákvarðanatöku á heilbrigðisstofnunum og efla vísindadeildir.
- Að starfsfólk á opinberum heilbrigðisstofnunum geti stundað vísindarannsóknir í vinnutíma sínum.
- Að tryggja innviði og aðstöðu til klínískra og annarra rannsókna.
- Að styðja vísindamenn til að ná betri árangri við öflun styrkja úr erlendum samkeppnissjóðum til rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda og stuðla að nýsköpun í heilbrigðisþjónustu.
- Að hvetja til og efla aðstöðu til þverfaglegra rannsókna.
- Að hvetja til alþjóðlegrar vísindasamvinnu bæði meðal einstakra rannsækenda og stofnana.

Upplýsinga- og þekkingarmiðlun

- Að allir notendur heilbrigðisvísindabókasafna landsins hafi sama aðgang að fræðitímaritum og gagnasöfnum.
- Að koma á fót upplýsingaveitu, þar sem vísindamenn geta nálgast upplýsingar um vísindavinnu sem stunduð er og auðvelda þeim þannig að finna samstarfsfólk.
- Að vinna að fjölbreyttri kynningu og miðlun vísindastarfs á heilbrigðisvísindasviði til heilbrigðisstarfsfólks og almennings.